



@gauithorsteinsson



Vestfjarðastofa

# VESTFJARÐASTOFA

## FRÉTTABRÉF APRÍL/MAÍMÁNAÐAR 2026



VESTFJARÐASTOFA  
SUÐURGATA 12  
400 ÍSAFJÖRÐUM



FV@VESTFIRDIR.IS



WWW.VESTFIRDIR.IS



450-6600

# FJÖRUGT VOR

Í Apríl og maí virtist allt þurfa að gerast á sama tíma hér hjá okkur hjá Vestfjarðastofu. Góður taktur, fullt af fundum og samtölum sem skipta máli til lengri tíma. Af óviðráðanlegum orsökum féll útgáfa fréttabréfs niður í byrjun maí og því verður það enn stærra og efnismeira nú.

Starfsmenn Vestfjarðastofu hefur verið á ferðinni um svæðið með kynningarfundum fyrir framboð til sveitarstjórna og þar skapast alltaf skemmtileg og gagnleg umræða. Í ár lögðum við sérstaka áherslu á að fara yfir nýtt svæðisskipulag Vestfjarða til 2050. Þar er sameiginleg framtíðarsýn er sett fram af sveitarfélögunum á Vestfjörðum sem snertir skipulag sveitarfélaganna og ákvarðanir. Áhugavert er að finna hvað slík umræða kveikir oft nýjar spurningar og hugmyndir, og ekki síður hvað það skiptir miklu máli að allir séu með svipaða sýn þegar horft er fram á veginn.

Samhliða þessu hefur margt annað verið á fullu. Úthlutanir, verkefni tengd atvinnu- og byggðaðróun, áframhaldandi vinna í ýmsum samstarfsverkefnum og svo undirbúningur fyrir viðburði sem eru fram undan í sumar. Við erum á næstu dögum að halda Orkuþing, Menntaþing og Fjórðungsþing. Auk þess verða viðburðir tengdir Gullkistunni Vestfjörðum í tengslum við margar bæjarhátíðir á Vestfjörðum í sumar sem þarf að undirbúa. Þetta er þessi klassíska blanda sem einkennir starfið þar sem stóru línurnar og daglegu verkefni fléttast saman.



Sigríður Ó. Kristjánsdóttir  
framkvæmdastjóri

Það sem situr þó kannski mest eftir úr þessum mánuðum er samtalið og tengingin. Við finnum fyrir auknum vilja til að vinna saman, horfa á stærri mynd og nýta kraftinn sem er til staðar í samfélaginu. Það er eitthvað sem gefur góðan tón inn í sumarið.

Það sem situr þó kannski mest eftir úr þessum mánuðum er samtalið og tengingin. Við finnum fyrir auknum vilja til að vinna saman, horfa á stærri mynd og nýta kraftinn sem er til staðar í samfélaginu. Það er eitthvað sem gefur góðan tón inn í sumarið.

Og við höldum bara áfram – verkefni klárast ekkert og það er nóg fram undan.



# ÞAMPÝKKI SVEITAR OG BÆJARSTJÓRNA Á TILLÖGU SVÆÐISSKIPULAGS VESTFJARÐA 2025-2050

Tillaga að Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025–2050 var samþykkt í svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða 4. maí 2026 og send sveitar og bæjarstjórnnum til samþykktar.

Tillagan hefur nú verið samþykkt af öllum sveitarfélögum sem standa að gerð svæðisskipulagsins og lauk þar með þessu verkefni sem hófst í september 2023 og verk og tímaáætlun þess stóðs þar með í meginráttum.

Tillaga um samþykkt svæðisskipulagsins var til afgreiðslu í bæjar og sveitarstjórnnum sem hér segir:

Sveitarstjórn Árneshrepps, 6. maí 2026  
Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, 7. maí 2026  
Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps, 8. maí 2026  
Bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar, 12. maí 2026  
Sveitarstjórn Strandabyggðar, 12. maí 2026  
Bæjarstjórn Vesturbyggðar, 13. maí 2026  
Sveitarstjórn Reykhólahrepps, 13. maí 2026  
Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps, 15. maí 2026

Tillagan var samþykkt að hálfu allra sveitarstjórna.

Auglýsing um að tillagan væri í kynningu sbr. 24 gr. Skipulagslaga, var birt á vefum Vestfjarðastofu og aðildarsveitarfélaga, vef bæjarins besta, í Morgunblaðinu og 26. tbl. Lögbirtingablaðsins. Niðurstaða svæðisskipulagsnefndar sbr. 3. mgr. 25. gr. verður nú auglýst á sömu miðlun að Lögbirtingi frátöldum. Samantekt umsagna og viðbragða að lokinni kynningu á tillögu var hlaðið upp á fyrra skrefi auglýsingar og er þar aðgengileg öllum þeim sem sendu inn athugasemdir, Sjá nánar í Skipulagsgátt <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/603>





## STRANDABYGGÐ TEKUR FYRSTA GRÆNA SKREFIÐ!

Í rúmt ár hefur Vestfjarðastofa verið á leið grænna skrefa með þremur sveitarfélögum á Vestfjörðum; Súðavíkurhreppi, Reykhólahreppi og Strandabyggð. Í lok síðustu viku fór fram fyrsta úttektin í verkefninu, þar sem starfsmenn Vestfjarðastofu fóru og heimsóttu Strandabyggð á Hólmavík. Eftir ítarlega og nákvæma úttekt kom í ljós að skrifstofur Strandabyggðar uppfylltu yfir 90% af kröfunum sem gerðar eru í skrefi 1 og hafa þá formlega uppfyllt það sem til þarf í því skrefi. Eins og kunnugt er þá eru grænu skrefin 5 og því liggur leiðin næst í skref 2 í umbótum grænu skrefanna.

Af þessu tilefni var forsvarsmanni verkefnisins á Hólmavík, Heiðrúnu Harðardóttur, afhent viðurkenning fyrir skrefið fyrir hönd Strandabyggðar. Starfsfólk Vestfjarðastofu óskar henni og Strandabyggð innilega til hamingju með gott grænt skref!



# ÁRSFUNDUR VESTFJARÐASTOFU 2026

Ársfundur fulltrúaráðs Vestfjarðastofu árið 2026 var haldinn þann 15. apríl. Ágæt mæting var á fundinn frá sveitarfélögum, samstarfsaðilum og öðrum hagaðilum á Vestfjörðum. Fundurinn er árlegur vettvangur þar sem auk hefðbundinna aðalfundastarfa var að þessu sinni haldin vinnustofa sem markar upphaf að endurskoðun stefnu Vestfjarðastofu til næstu tíu ára.

Á vinnustofunni var farið yfir fjölbreytt verkefni Vestfjarðastofu sem tengjast meðal annars atvinnuþróun, markaðssetningu svæðisins, nýsköpun, hagsmunagæslu og uppbyggingu innviða. Þá var einnig fjallað um stöðu lykilmála á svæðinu, svo sem orkumála, samgangna, menntamála og fjarskipta, sem áfram eru í brennidepli.

Sérstök áhersla var lögð á mikilvægi samstarfs innan svæðisins og hagsmunagæslu gagnvart ríkisvaldinu. Í umræðum kom fram að áfram sé þörf á að samræma krafta sveitarfélaga, atvinnulífs og opinberra aðila til að styrkja stöðir samfélagsins og skapa ný tækifæri til vaxtar.

Fundargestir tóku virkan þátt í umræðum og komu fram fjölmargar ábendingar um forgangsmál næstu missera. Þar var meðal annars rætt um að efla þurfi aðgengi að þjónustu, styðja við nýsköpun og tryggja að Vestfirðir haldi áfram að vera aðlaðandi valkostur til búsetu og atvinnu.

Í umræðu á ársfundi var greinilegt að þær línur sem upphaflega voru lagðar fyrir Vestfjarðastofu sem sameiginlegan vettvang fyrir þróun og samræmingu verkefna á svæðinu hafa í meginatriðum gengið eftir. Með reglulegri umræðu og skýrri stefnu verður svo lagður grunnur að áframhaldandi sókn og uppbyggingu Vestfjarða til framtíðar.



# SAMRÁÐSFUNDUR UM BYGGÐAÁÆTLUN: GÓÐ ÞÁTTTAKA OG GAGNLEGAR ÁBENDINGAR

Í apríl fór fram fjarfundur fyrir Vestfirði um endurskoðun byggðaáætlunar stjórnvalda. Fundurinn var liður í víðtæku samráði sem nú stendur yfir þar sem kallað er eftir sjónarmiðum frá landshlutum áður en ný stefna verður mótuð.

Alls tóku um 30 manns þátt í fundinum og var mæting góð. Fundargestir komu úr ólíkum áttum, meðal annars frá sveitarfélögum, atvinnulífi og öðrum hagaðilum. Umræður voru líflugar og fram komu fjölmargar gagnlegar tillögur sem snúa að stöðu og framtíð byggða á Vestfjörðum.

Unnið var út frá vinnuskjali aðgerðaáætlunar byggðaáætlunar, svokallaðri hvítbók, sem nú er í mótun. Skjalið er sett fram til samráðs á þessu stigi til að kalla eftir ábendingum áður en það verður endanlega útfært. Þar eru meðal annars kynnt drög að aðgerðum sem eiga að stuðla að betra aðgengi að þjónustu, sterkari atvinnuuppbyggingu og sjálfbærri þróun byggða um land allt.

Áhersla var lögð á að sjónarmið sem fram komu á fundinum verði nýtt í áframhaldandi vinnu. Slíkt samráð er mikilvægur hluti af undirbúningi byggðaáætlunar og tryggir að raddir heimamanna fái vægi við mótun framtíðarsýnar.

Næstu skref felast í úrvinnslu þeirra ábendinga sem safnast hafa og frekari mótun stefnu og aðgerða, með það að markmiði að styrkja byggðir um land allt – þar á meðal á Vestfjörðum.



## Byggðaáætlun



## ÚTHLUTUN ÚR STYRKTARSJÓÐ HAFNA ÍSAFJARÐARBÆJAR

Vestfjarðastofa heldur utan um Styrktarsjóð Hafna Ísafjarðarbæjar. Markmið með sjóðum er að styrkja og bæta bæjarbraginn og voru í ár 8,2 milljónir til úthlutunar. Sjóðurinn er þrískiptur þar sem styrkja skal viðburðahald, samfélags- eða feegrunarverkefni sem efla samfélagið í Ísafjarðarbæ.

Úthlutunarnefnd Styrktarsjóðs Hafna Ísafjarðarbæjar hefur lokið störfum í ár. Árið 2026 hafði sjóðurinn yfir 8.200.000 að ráða til úthlutunar. 53 umsóknir bárust þar sem sótt var um fyrir rúmar 30 milljónir króna. Úthlutunarnefnd mat umsóknir og í kjölfarið var ákveðið að veita 31 verkefnum styrk.

<b>Styrkþegi</b>	<b>Heiti verkefnis</b>	<b>Upphæð styrks</b>	<b>Tegund verkefnis</b>
Diego Ragnar Angemi	Kerfið - Plánetur á Ísafirði	650,000	Fegrunar
Blómahornið blómaskreytingar þjónusta	Blómabekkur - Þingeyri	500,000	Fegrunar
Skautafélag Önundarfjarðar	Frystum ísinn	500,000	Samfélags
Netagerðin-skapandi vinnustofur	Grámar í sparifötum	500,000	Fegrunar
Víkingar á Vestfjörðum	Víkingaskipið Vésteinn	385,000	Fegrunar
Act Alone	Act alone á Suðureyri 2026	350,000	Viðburður
Þjóðbúningafélag Vestfjarða	Þjóðbúningaráðstefna og þjóðbúningaátíð í Ísafjarðarbæ	350,000	Viðburður
Sif Huld Albertsdóttir/Tinna Hrund H. Hafberg	Jólaævintýri í Jónsgarði	300,000	Samfélags
Jógunnar Biering Margeirsson	Tónar úr torfbænum	300,000	Viðburður
Tinna Ottesen	Gönguleiðir á húsgafl	300,000	Fegrunar

Árni Heiðar Ívarsson	Trúbadorar á torginu 2026	300,000	Viðburður
Pórarinn Bjartur Breiðfjörð Gunnarsson	Hreyfanlegir dans- og tónlistarviðburðir í Ísafjarðarbæ	300,000	Viðburður
Kómedíuleikhúsið atvinnuleikhús	Sumarleikhús Kómedíuleikhússins	250,000	Viðburður
Edinborgarhúsið	Jazzhátíð í ágúst	250,000	Viðburður
The Pigeon International Film Festival	The Pigeon International Film Festival	250,000	Viðburður
ListaVestrið	ListaVestrið - menningarhátíð á Flateyri	250,000	Viðburður
Gunnar Jónsson	Úti námskeið í vatnslitum	250,000	Samfélags
Smári Alfreðsson	Jólin heima (titill í vinnslu)	200,000	Viðburður
Litli klettur	Þúsund andlit Þorfinns	200,000	Viðburður
Menningarmiðstöðin Edinborg	Sumarmyndlistarsýning og listasmiðja Slunkaríkis	200,000	Viðburður
Kvennakór Ísafjarðar	Afmælishátíð Kvennakórs Ísafjarðar	200,000	Viðburður

Íris Ösp Heiðrúnardóttir	Útistúdíó, Bollafaktorían: taka tvö!	200,000	Viðburður
Skákfélag Vestfjarða	Vikuleg skákmót	200,000	Viðburður
Hollvinasamtök Samkomuhússins á Flateyri	Hjarta Flateyrar - Viðburðaröð í Samkomuhúsinu á Flateyri	200,000	Viðburður
Marsibil G Kristjánsdóttir	Bókband fyrir alla	200,000	Viðburður
Skúli Þórðarson	Plötusnúðar í miðbænum	130,000	Viðburður
Greta Lietuvninkaitė	„Write it Out: bréfaskrifadagur“	105,000	Viðburður
Litli leikklúbburinn	Litli leikklúbburinn	100,000	Samfélags
Leikfélag Flateyrar	Leikárið 2026	100,000	Samfélags
Leiklistarhópur Halldóru ehf	Leiklistarnámskeið fyrir börn	100,000	Samfélags
Byggðasafn Vestfjarða	Vestfirskir jólasveinar	80,000	Viðburður

# FJÖLMENNUR FRÆÐSLUFUNDUR UM ALMYRKVA SÓLU

Um 80 manns mættu á opinn fræðslufund um almyrkva sólu sem haldinn var í Bryggjusalnum í Edinborgarhúsinu föstudaginn 8. maí. Fundurinn var haldinn af Stjórn Sævari, Markaðsstofu Vestfjarða og Ísafjarðarbæ og var ætlaður íbúum á Vestfjörðum.

Á fundinum fór Sævar Helgi Bragason, betur þekktur sem Stjórn-Sævar, yfir helstu atriði sem tengjast almyrkvanum sem verður sýnilegur á Vestfjörðum 12. ágúst 2026. Hann fjallaði meðal annars um hvað gerist þegar almyrkvi verður, hvernig best er að upplifa þetta einstaka náttúrufræðisatriði og hvernig hægt er að fylgjast með því á öruggan hátt.

Fulltrúi Markaðsstofu Vestfjarða fór einnig yfir undirbúning á svæðinu og þau atriði sem íbúar og gestir þurfa að hafa í huga þegar nær dregur. Þar var meðal annars farið yfir mikilvægi þess að kynna sér aðstæður, skipuleggja ferðalög vel og fylgjast með upplýsingum frá viðeigandi aðilum.

Almyrkvinn verður lengstur á Íslandi við Látrabjarg í Vesturbyggð, þar sem almyrkvinn varir í 2 mínútur og 13 sekúndur. Ef vel viðrar má því gera ráð fyrir að Vesturbyggð verði einn vinsælasti áfangastaður almyrkvaunnenda sem leggja leið sína á Vestfirði. Þetta verður fyrsti almyrkvi á sólu á Vestfjörðum síðan 30. mars 1131.


Alskuggi tunglsins verður yfir Vestfjörðum í 3 mínútur og 27 sekúndur. Hann snertir fyrst Straumnes á Hornströndum kl. 17:43:28 og yfirgefur Vestfjarðarkjálkann við Sigluneshlíðar við Barðaströnd kl. 17:46:54.

Fundurinn var gott tækifæri fyrir íbúa til að fræðast, spyrja spurninga og undirbúa sig fyrir viðburð sem má með sanni kalla einstakt tækifæri.

Ferðalangar sem hyggjast leggja leið sína til Vestfjarða vegna almyrkvans eru hvattir til að kynna sér vel upplýsingar frá Vestfjarðastofu.

Nánari upplýsingar og fróðleik um almyrkvann má finna á [solmyrkvi2026.is](http://solmyrkvi2026.is).

Gagnlegar upplýsingar um almyrkvann á Vestfjörðum má einnig finna á [westfjords.is](http://westfjords.is).



# VELFERÐ OG VÁ Á VESTFJÖRÐUM

Þann 14. apríl fór fram fundur á Vestfjarðastofu um hlutverk félagsþjónustu og almannavarna í viðbrögðum við samfélagslegum áföllum og náttúruvá. Fundurinn var hluti af fundarröð á landsvísu sem miðar að því að efla samstarf, deila reynslu og styrkja viðbúnað samfélaga víða um land. Á fundinn mættu kjörnir fulltrúar, sveitarstjórar, starfsfólk félagsþjónustu, lögreglu, kirkju, heilbrigðisþjónustu og annarra viðbragðsaðila á Vestfjörðum.

Guðný Björk Eydal prófessor og Ragnheiður Hergeirsdóttir lektor við Félagssráðgjafardeild Háskóla Íslands fluttu erindi þar sem þær fjölluðu um rannsóknarverkefnið Velferð og vá og mikilvægi þess að félagsþjónusta sé virkur þátttakandi í öllum stigum hamfara, frá forvörnum og viðbúnaði til neyðarviðbragða og enduruppbyggingar. Þær fóru yfir reynslu af Suðurlandsskjálftanum 2008, lærdóm sinn af Covid-faraldrinum og nýlegar áskoranir sem tengjast náttúruvá á Íslandi.

Sérstaklega var horft til reynslu Vestfirðinga af náttúruvá þegar Hlynur Snorrason yfirlögregluþjónn og Margrét Geirsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar, kynntu samstarf almannavarna og félagsþjónustu í kjölfar snjóflóðanna á Flateyri og Suðureyri árið 2020. Þar kom fram hversu mikilvægt hefði verið að samráðshópur um sálfélagslegan stuðning kæmi snemma að málum og að tryggja að íbúar hefðu aðgang að upplýsingum, sálrænum stuðningi og annarri þjónustu eftir áfallið. Einnig var lögð áhersla á að ná til þeirra sem yfirgáfu svæðið í kjölfar hamfaranna og að huga sérstaklega að börnum, öldruðum, fötluðu fólki og sjálfbodaliðum.

Í kynningunni var bent á að reynslan af snjóflóðunum hafi sýnt mikilvægi þess að hlutverk félagsþjónustu sé skýrt skilgreint í viðbragðsáætlunum og skipulagi almannavarna. Samráð, samvinna og skýr verkaskipting milli sveitarfélaga, heilbrigðisþjónustu, lögreglu, kirkju, Rauða krossins og annarra viðbragðsaðila hafi reynst lykilatríði þegar samfélög standa frammi fyrir erfiðum aðstæðum.

Fundurinn var jafnframt vettvangur fyrir þátttakendur til að ræða eigin reynslu og áskoranir á Vestfjörðum. Markmiðið er að safna saman dæmum um góða framkvæmd og lærdóma sem nýtast geta við áframhaldandi þróun viðbúnaðar og velferðarþjónustu í landshlutanum og á landsvísu.



# UNGMENNARÁÐ VESTFJARÐA FÆR 7,5 MILLJÓN KRÓNA STYRK OG SETUR LÝÐRÆÐI Á DAGSKRÁ

Pallborð unga fólksins var haldið í aðdraganda nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga þar sem fulltrúar úr ungmennaráði Vestfjarða og nemendafélagi Menntaskólans á Ísafirði buðu upp á umræðu við frambjóðendur um stöðu barna- og ungmennamála á svæðinu. Pallborðið var haldið í þremur stærstu sveitarfélögum Vestfjarða, þá Edinborgarhúsinu á Ísafirði, Félagsheimili Bolungarvíkur og Félagsheimili Patreksfjarðar.

Pallborðinu var alfarið stýrt af ungu fólki sem spurði þeirra spurninga sem brennur hvað mest á þeim. Það sem stóð upp úr á öllum stöðunum var mikil umræða um stöðu ungmennaráða innan sveitarfélaganna. Þrátt fyrir að sveitarfélögin hafi flest komið á fót ungmennaráðum kom fram að starfsemi þeirra hefði víða verið takmörkuð á síðustu misserum. Ungmennaráð Vestfjarða telur þar felast tækifæri til að efla samráð sveitarfélaga við ungt fólk og skapa reglulegri vettvang fyrir þátttöku þeirra. Með áframhaldandi samstarfi sveitarfélaga og ungmennaráðs Vestfjarða eru góð tækifæri til staðar til að styrkja lýðræðislega þátttöku ungs fólks.

Ungmennaráð Vestfjarða hefur fengið um 7,5 milljóna króna styrk frá Erasmus+ til að styðja við starf ráðsins og framkvæmd Ungmennahings Vestfjarða. Styrkurinn gerir ráðinu kleift að efla starf sitt enn frekar og skapa fleiri tækifæri fyrir ungt fólk á Vestfjörðum til að koma saman, læra og hafa áhrif á eigið samfélag.

Á fundi ráðsins ákváðu ungmennin að þema Ungmennahings Vestfjarða árið 2026 verði lýðræði. Þingið verður haldið á Suðureyri dagana 16.–18. september 2026 og verður þar lögð sérstök áhersla á þátttöku ungs fólks í lýðræðislegum ferlum, samráð og áhrif á ákvarðanatöku. Með því vilja ungmennin halda áfram að efla umræðu um mikilvægi þess að ungt fólk fái raunveruleg tækifæri til að taka þátt í mótun samfélagsins.





# FYRSTI FUNDUR FARSÆLDARRÁÐS VESTFJARÐA HALDINN Á BÍLDUDAL

Miðvikudaginn 13. maí fór fyrsti fundur farsældarráðs Vestfjarða fram í félagsheimilinu Baldurshaga á Bíldudal. Fundurinn markaði mikilvægt upphaf samvinnu fjölbreytts hóps fagfólks, sveitarstjórnarfólks, fulltrúa ungmenna og stofnana sem vinna að farsæld barna og ungmenna á Vestfjörðum.

Á fundinum komu saman fulltrúar frá sveitarfélögum, skólum, heilbrigðisþjónustu, lögreglu, íþrótt- og æskulýðsstarfi, félagsþjónustu og ungmennaráðum ásamt öðrum lykilaðilum á svæðinu. Markmið fundarins var að skapa sameiginlega sýn á stöðu barna og ungmenna á Vestfjörðum og leggja grunn að framtíðaraðgerðum í anda farsældarlaganna.

Fundurinn hófst með ávarpi verkefnastjóra farsældarráðs og erindi frá Ungmennaráði Vestfjarða þar sem lögð var áhersla á mikilvægi þess að rödd barna og ungmenna fái raunverulegt vægi við ákvarðanatöku. Í framhaldinu fór fram líflegt farsældarkviss sem skapaði góðan anda meðal þátttakenda. Það var Hrefna Jónsdóttir sem sigraði kvissið og fékk því titilinn Farsældarmeistari Vestfjarða.

Kynntar voru niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar fyrir Vestfirði þar sem farið var yfir lykiltölur um líðan og aðstæður barna og ungmenna í landshlutanum. Einnig var fjallað um stöðu sveitarfélaga á Vestfjörðum í innleiðingu farsældarlaganna og þau tækifæri og áskoranir sem fram undan eru.

Marín Rós Eyjólfsdóttir frá UNICEF kynnti verkefnið Barnvæn sveitarfélög og mikilvægi innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í starf sveitarfélaga. Kynningin vakti góðar umræður meðal fundargesta um réttindi barna og mikilvægi samræmdrar sýnar í þjónustu við börn og fjölskyldur.

Síðari hluti fundarins einkenndist af öflugri hópavinnu þar sem þátttakendur unnu í þverfaglegum hópum út frá sex lykilstoðum farsældar barna; jafnræði barna, stuðningi við fjölskyldur, rödd barnsins, forvörnum og snemmtækri íhlutun, fagfólki og samstarfi auk þekkingar og gagna. Hóparnir mótuðu fjölmargar hugmyndir að aðgerðum sem geta styrkt þjónustu og stuðning við börn og fjölskyldur á Vestfjörðum.

Meðal þeirra verkefna sem fengu hvað mestan stuðning voru hugmyndir um ungmennahús á Vestfjörðum, aukið aðgengi að lágþröskuldarþjónustu fyrir börn og foreldra, virk ungmennaráð í öllum sveitarfélögum og sameiginlega innleiðingu verkefnisins Barnvænir Vestfirðir.

Í lok fundarins voru næstu skref rædd og ákveðið að hefja vinnu við fjögurra ára aðgerðaráætlun farsældarráðsins í samráði við lykilaðila á svæðinu. Stefnt er að því að fyrstu drög að aðgerðaráætlun verði tilbúin fyrir næsta fund ráðsins sem áætlaður er í september 2026.

Fundurinn sýndi skýrt þann mikla vilja sem er til staðar á Vestfjörðum til að efla samstarf og skapa börnum og ungmennum betri og öruggari framtíð.



# GULLKISTAN 2026

Síðastliðið haust fór fram stórsýningin Gullkistan Vestfirðir á Torfnesi á Ísafirði. Á sýninguna mætti mikill fjöldi góðra gesta til að sjá og upplifa allt hið besta úr vestfirsku atvinnu- og menningarlífi. Í ár fer Gullkistan fram vítt og breitt um Vestfirði. Á bæjarhátíðum og viðburðum ársins opna fyrirtæki og þátttakendur dyr sínar og gestir fá að kynna fólkinu, fyrirtækjunum, menningunni og hugmyndunum sem skapa verðmæti á svæðinu.

Verkefnið dregur fram fjölbreytileikann á Vestfjörðum og býður upp á einstakt tækifæri til að skyggna á bak við tjöldin hjá fyrirtækjum, stofnunum, listafólki og frumkvöðlum. Hér er hægt að fá innblástur, mynda tengsl og njóta sín í ekta vestfirskri stemmningu.

Komdu í heimsókn og kynntu þér kröftugt atvinnu- og menningarlíf um alla Vestfirði.

Hér má sjá viðburði Gullkistunnar í tímaröð og hvaða fyrirtæki bjóða gestum í opið hús hverju sinni.



# MENNTAÞING VESTFJARÐA 2026

Vestfjarðastofa ásamt Fjórðungssambandi Vestfirðinga heldur Menntaþing Vestfjarða 2026 sem fer fram þann 8. júní frá kl. 10:00-17:00 í Edinborgarhúsinu á Ísafirði.

Hvernig sköpum við öflugra lærdómssamfélag á Vestfjörðum?

Á Menntaþingi Vestfjarða kemur saman fólk úr skólasamfélaginu, fagfólk, stjórnendur og áhugasamir til að ræða áskoranir, tækifæri og framtíðarsýn menntunar í fjórðungnum.

## Skráning fer fram hér:

Þátttaka er gjaldfrjál, léttar veitingar verða innifaldar og rútur munu fara frá þéttbýlisstöðum á Vestfjörðum.

Við munum eiga gott samtal og tengslamyndun yfir kaffi og mat og endum daginn saman með pallborði, móttöku og skemmtun.

Hvort sem þú starfar í leik-, grunn-, framhaldsskóla eða háskóla, í stoðþjónustu, stjórnsýslu eða hefur einfaldlega áhuga á menntamálum, þá er þetta vettvangur fyrir samtal, innblástur og samstarf.

## Dagskrá:

10:00 Innritun og morgunhressing

10:30 Setning þings

11:00 Ró í óróa - Streita og starfsorka: Ingibjörg Valgeirsdóttir, Saga Story House - Heilsueflandi fræðslufyrirtæki

12:00 Hádegismatur

13:00 Gæði kennslu: Kennsla og fagmennska kennara - QUINT; Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor við HÍ & Birna María B. Svanbjörnsdóttir, dósent við HA.

13:30 Vinnustofa: skólaþjónusta á Vestfjörðum

14:30 Kaffihlé

14:50 Málstofur: skólastarf á Vestfjörðum

16:00 Pallborð

16:45 Móttaka & skemmtun

**Hlökkum til að sjá þig á Ísafirði!**



# INGIBJÖRG VERKEFNASTJÓRI Á DRANGSNESI

Starf verkefnastjóra verkefnisins Jú víst! Kraftur í Kaldrana (Brothættar byggðir) var auglýst laust til umsóknar í apríl síðastliðnum. Alls sóttu 14 um starfið og hefur Ingibjörg Benediktsdóttir verið ráðin verkefnastjóri á Drangnesi og mun hefja störf síðsumars.

Ingibjörg er reyndur verkefnastjóri með víðtæka reynslu af stjórnsýslu, byggða- og samfélagsþróun og fjölbreyttum verkefnum sem snúa að eflingu byggða og þjónustu við íbúa. Ingibjörg hefur leitt og unnið að fjölbreyttum verkefnum í samstarfi við sveitarfélög, stofnanir og atvinnulíf með áherslu á eflingu samfélaga, menntun og sjálfbæra þróun. Síðustu ár hefur Ingibjörg unnið sem verkefnastjóri hjá Þekkingarneti Þingeyinga og þar leitt og þróað verkefni á sviði menntunar, nýsköpunar og byggðaðróunar. Ingibjörg er með BA gráðu í nútímafræði frá Háskólanum á Akureyri og hefur stundað nám í Opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands og vinnur að MCM gráðu í áfallastjórnun frá Háskólanum á Bifröst.

Við hjá Vestfjarðastofu bjóðum Ingibjörgu velkomna í hópinn og hlökkum til samstarfsins við hana



## TÁLKNAFJÖRÐUR, NÝTT ÞÁTTTÖKUBYGGÐARLAG Í BROTHÆTTUM BYGGÐUM

Tálknafjörður hefur hafið þátttöku í byggðaðróunarverkefninu Brothættar byggðir. Stjórn Byggðastofnunar samþykkti á fundi sínum þann 26. febrúar sl. að bjóða Tálknafirði til samstarfs í verkefninu. Skrifað var undir þríhliða samning um verkefnið á milli Byggðastofnunar, Vesturbyggðar og Vestfjarðastofu í mars síðastliðnum.

### Sautjándi byggðarlagið í Brothættum byggðum

Byggðarlagið er það sautjándi í röðinni sem hefur þátttöku í Brothættum byggðum frá því að verkefnið hóf fyrst göngu sína á Raufarhöfn árið 2012. Gert er ráð fyrir að verkefnistíminni muni að óbreyttu vara í fimm ár þ.e. til loka maí árið 2031.

Verkefnið Brothættar byggðir er ein af aðgerðum Byggðaáætlunar, C.2, og markmið þess er að spornað verði við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum. Verkefnið byggir á samstarfi Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags, landshlutasamtaka og síðast en ekki síst íbúa hvers þátttökubyggðarlags. Því er einkum ætlað að styðja við frumkvæði og þátttöku íbúa til hagsbóta fyrir samfélagið í viðum skilningi.



# UPPLÝSINGAR FYRIR SVEITARSTJÓRNARMENN

Vestfjarðastofa hefur nú tekið saman og gert aðgengilegar á vef sínum kynningar frá fundum með framboðum til sveitarstjórna á Vestfjörðum. Þar er að finna gagnlegt efni fyrir bæði nýja og reynda sveitarstjórnarmenn sem vilja átta sig betur á því sem er í gangi á Vestfjörðum.

Fundirnir fóru fram í aðdraganda kosninga og lögð var sérstök áhersla á að kynna nýtt svæðisskipulag Vestfjarða til ársins 2050. Þar er sett fram sameiginleg framtíðarsýn sveitarfélaganna á svæðinu og hvaða leiðir eru farnar til að styrkja samfélagið til lengri tíma allt frá uppbyggingu og atvinnulífi til náttúru og innviða.

Auk þess fengu framboðin góða yfirferð yfir helstu verkefni og áherslur Vestfjarðastofu, þannig að allir væru betur upplýstir þegar kæmi að stefnumótun og ákvarðanatöku í nýjum sveitarstjórnnum. Markmiðið var einfalt: að skapa sameiginlegan skilning og styðja við gott samstarf þvert á sveitarfélögin.

Kynningarnar sem nú eru aðgengilegar á vefnum eru því bæði hagnýtar og fróðlegar og geta nýst sem góður grunnur fyrir komandi kjörtímabil. Þær eru hluti af efni sem Vestfjarðastofa hefur tekið saman sérstaklega fyrir sveitarstjórnarmenn, með það að markmiði að gera hlutina skýrari og aðgengilegri.

Við hvetjum alla áhugasama til að kíkja á efnið það er stutt, skýrt og getur komið sér vel þegar horft er til framtíðar Vestfjarða.

<https://www.vestfiridir.is/is/verkefni/fv/upplysingar-fyrir-sveitastjornarmenn>



## Vestfjarðastofa

# ORKUÞING VESTFJARÐA

## 3. JÚNÍ 2026 KL. 11:30 – 15:00

Orkuþing Vestfjarða verður haldið miðvikudaginn 3. júní á Ísafirði þar sem helstu hagaðilar í orkumálum svæðisins koma saman til að ræða stöðu, framtíðarsýn og tækifæri í orkuuppbyggingu á Vestfjörðum.

Á þinginu verður farið yfir lykilverkefni í orkumálum á svæðinu, framvindu þeirra, tímalínur og þær áskoranir sem standa frammi fyrir samfélögum og atvinnulífi Vestfjarða á komandi árum. Jafnframt verður fjallað um þau tækifæri sem felast í aukinni orkuöflun, bættu orkuöryggi og orkuskiptum í landshlutanum.

### Dagskrá

- 11:30 Hádegisverður
- 12:15 Fundarsetning - Jóhann Páll Jóhannsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
- 12:30 Blámi - inngangur
- 12:45 Orkubú Vestfjarða - vatnsafl
- 13:00 Landsnet - flutningskerfið
- 13:15 EM-Orka - vindorka
- 13:30 Kaffihlé
- 13:45 Arctic Hydro - Austurgilsvirkjun
- 14:00 Vesturverk- Hvalárvirkjun
- 14:15 Orkubú Vestfjarða - jarðhiti
- 14:30 Pallborðsumræður



 **Staðsetning**  
Edinborgarhúsið

